

# Lög

## um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (fyrningarálag á grænar eignir o.fl.).

1. gr.

Við 21. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fari greiðsla fram með eign atvinnurekstrar skal ákvarða hagnað eða tap með sama hætti og hefði eignin verið seld ótengdum aðila, þ.m.t. við úttekt eigenda.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða LXX í lögnum:

- Á eftir orðunum „stofnverð eigna“ í 2. mgr. kemur: skv. 1. mgr.
- Orðin „og hvenær skattaðili telst vera í fjárhagsvanda“ í 8. mgr. falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á Alþingi 16. júní 2022.*